

Viðauki við eigendastefnu ríkisins – viðmið um arðsemi, fjármagnsskipan og arðgreiðslur fyrirtækja í eigu ríkisins

Í viðauka þessum eru sett fram viðmið sem koma til viðbótar við 5. kafla almennu eigendastefnunnar, um stjórnarhætti, kröfur og árangursviðmið. Vel skilgreind viðmið um arðsemi, fjármagnsskipan og arðgreiðslur eru hluti af góðum stjórnarháttum fyrirtækja á markaði. Slík viðmið eru til þess fallin að skila aukinni arðsemi til eiganda.

1.1 Viðmið um arðsemi

- Stjórnir fyrirtækja sem rekin eru með arðsemissjónarmið að leiðarljósi skulu setja fyrirtækinu viðmið um arðsemi og kynna þau fyrir fjármála- og efnahagsráðuneyti. Viðmiðið skal endurskoða eftir þörfum, að lágmarki á fimm ára fresti.
- Viðmið um arðsemi skal kveða á um markmið um árlega arðsemi eiginfjár eða annað viðeigandi markmið.

1.2 Viðmið um fjármagnsskipan

- Stjórnir fyrirtækja skulu setja fyrirtækinu stefnu um fjármagnsskipan og kynna hana fyrir fjármála- og efnahagsráðuneyti. Stefnuna skal endurskoða eftir þörfum, að lágmarki á fimm ára fresti.
- Stefna um fjármagnsskipan skal að lágmarki kveða á um viðmið um skuldsetningu fyrirtækisins með viðeigandi kennitölum ásamt neðri og efri mörkum.
- Stefnan getur kveðið á um markmið um að ná eða viðhalda tilteknu láns hæfismati.

1.3 Viðmið um arðgreiðslur

- Stjórnir skulu setja fyrirtækinu stefnu um arðgreiðslur og kynna hana fyrir fjármála- og efnahagsráðuneyti. Stefnuna skal endurskoða eftir þörfum, að lágmarki á fimm ára fresti.
- Arðgreiðslustefna skal kveða á um markmið um að tiltekið hlutfall af hagnaði, handbæru fé frá rekstri eða annarri viðeigandi stærð af rekstrarreikningi eða sjóðstreymi síðasta reikningsárs verði greitt í arð.
- Arðgreiðslustefnan getur tekið mið af stefnu um fjármagnsskipan þannig að arðgreiðslumarkmiðið fari eftir því hvort viðmið um skuldsetningu sé uppfyllt.
- Arðgreiðslustefnan skal einnig tiltaka að við gerð tillögu að arðgreiðslu hvers árs taki stjórn mið af stöðu fyrirtækisins og ytra umhverfi þess. Ef vikið er frá arðgreiðslumarkmiði við gerð tillögu að arðgreiðslu skal stjórn leggja fram skriflegan rökstuðning fyrir ástæðum þess.
- Ef skuldsetning félagsins er undir neðra marki stefnu stjórnar um fjármagnsskipan skal stefnt að sérstakri arðgreiðslu til að auka hagkvæmni í fjármagnsskipan fyrirtækisins. Ef það er ekki gert skal leggja fram skriflegan rökstuðning fyrir ástæðum þess.